

5. gr.

A.

Við 45. gr. laganna bætist tvær nýjar mgr.:

Þeim aðilum, sem flytja inn vörur til endursölu, er skylt að senda verðlagsstofnun verðútreikninga yfir þær vörur sem þeir flytja inn og skulu útreikningar hafa borist stofnuninni eigi síðar en 15 dögum eftir að vara er tollafgreidd. Verðlagsstofnun getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar mgr.

Óheimilt er að hefja sölu á vöru, sem er háð verðlagsákvæðum, fyrr en söluverð hennar hefur verið staðfest af verðlagsstofnun. Einnig er óheimilt að hefja sölu á öðrum vörum fyrr en verðútreikningur er kominn til verðlagsstofnunar.

B.

Við 53. gr. laganna bætist ný mgr. sem orðist svo:

Það skal talið fullframið brot gegn ákvæðum 4. mgr. 45. gr. um skil á verðútreikningum til verðlagsstofnunar, ef liðnir eru 15 dagar frá tollafgreiðslu vara, sem skylt er að skila verðútreikningum fyrir, og skyldunni hefur ekki verið fullnægt.

6. gr.

Orðin „5 000 — 20 000 kr.“ í 1. mgr. 49. gr. laganna falli niður.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella texta þeirra inn í lög nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13/1979, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1982.

Friðjón Þórðarson.

Jón Helgason.

Logi Einarsson.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG**um aukningu hlutafjár í Kísiliðjunni h.f.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að yfirtaka kröfur að jafnvirði allt að 1,3 milljóna bandaríkjadollara í íslenskum krónum á hendur Kísiliðjunni h.f. og leggja þá fjárhæð fram til aukningar hlutafjár ríkissjóðs í Kísiliðjunni h.f.

Ákvæði 5. mgr. 4. gr. laga nr. 80 15. ágúst 1966 um kísilgúrverksmiðju við Mývatn gilda ekki um þau hlutabréf í Kísiliðjunni, sem ríkissjóður fær við yfirtöku nefndra krafna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi:

*Gjört í Reykjavík, 11. maí 1982.***Friðjón Þórðarson.****Jón Helgason.****Logi Einarsson.**

(L. S.)

*Hjörleifur Guttormsson.***LÖG****um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. 43. gr. staflíður h) orðist þannig:

Óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga, sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns, þó þannig að samlagsmaður greiði ávallt 20 kr. fyrir hverja ferð. Þetta gildir þó ekki á svæðum þar sem í gildi er númerasamningur um læknishjálp.

2. 43. gr. staflíður i) orðist þannig:

Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks manns í sjúkrahús innanlands að $\frac{7}{8}$ hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþega- og flutningsleiðum. Þó greiði samlagssjúklingur aldrei meira en 500 kr. Sjúkraflutningur innanbæjar greiðist þó ekki og frá kostnaði við sjúkrabifreið dregst kostnaður vegna fyrstu 10 km. Sömu reglur skulu gilda um flutning sjúks manns úr sjúkrahúsi til heimilis eða dvalarstaðar, enda verði hann ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Sé fylgd nauðsynleg greiðast $\frac{7}{8}$ af fargjaldi fylgdarmanns jafnvel þó að um áætlunarferð sé að ræða.

Flutningskostnaður milli sjúkrahúsa greiðist að fullu af því sjúkrahúsi, sem sendir sjúkling, nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið að hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. maí 1982.***Friðjón Þórðarson.****Jón Helgason.****Logi Einarsson.**

(L. S.)

Svavar Gestsson.